

Trúnaðarmál

UTANRÍKISRÁÐHERRA

gerir kunnugt:

Hér með eru settar

REGLUR UM MEDFERD TRÚNAÐARSKJALA

Sérhvert skjal, sem dreift er innan NATO er merkt með orðunum NATO eða COSMIC.

Til þess að tryggja öryggi og rétta meðferð þessara skjala hér á landi í samræmi við NATO-skjal C-M (55) 15 (Final) eru hér með settar eftirfarandi reglur:

I.

COSMIC - SKJÖL

Einungis þeir, sem til þess hafa fengið sérstaka heimild utanríkisráðherra geta fengið aðgang að skjölum merktum COSMIC TOP SECRET (COSMIC ALGERT LEYNDARMÁL).

Skjöl merkt COSMIC TOP SECRET (COSMIC ALGERT LEYNDARMÁL) fjalla um efni, sem gæti valdið Íslandi eða öðrum bandalagsríkjum NATO stórkostlegu tjóni, komist upplýsingar þar að lútandi til manna, sem ekki hafa heimild til þess að fjalla um slík mál.

COSMIC-skjöl skulu geymd í sérstaklega útbúnum eldtryggum peninga- eða stálskápum með öruggum þar til gerðum tölulásum.

Eigi má flytja COSMIC-skjöl milli landa, nema með sérstökum sendimönnum. Séu COSMIC-skjöl eða upplýsingar sendar í símskeytum eða yfir fjarritara skal nota dæmilskerfi utanríkisráðuneytisins í samræmi við NATO reglur.

Ekki er gert ráð fyrir, að COSMIC-skjöl verði flutt innanlands milli stjórnardeilda. Komi til slíks flutnings utan húsnæðis utanríkisráðuneytisins skal sérstakur sendiboði utanríkisráðuneytisins sjá um flutning skjalsins í innsigluðu umslagi og bera ábyrgð á, að skjalinu sé skilað aftur til utanríkisráðuneytisins á sama hátt samdægurs.

II.

ATOMAL - SKJÖL

Um meðferð ATOMAL-skjala gilda sérstakar reglur innan NATO.

III.

ÖNNUR NATO - SKJÖL

Önnur NATO-skjöl eru auðkennd með orðunum

NATO SECRET (NATO LEYNDARMÁL)

NATO CONFIDENTIAL (NATO TRÚNAÐARMÁL)

NATO RESTRICTED (NATO ÞJÓNUSTUSKJAL)

Skjöl merkt NATO SECRET (NATO LEYNDARMÁL) fjalla um efni, sem gæti valdið Íslandi eða öðrum bandalagsríkjum NATO alvarlegu tjóni, komist upplýsingar þaraðlútandi til manna, sem ekki hafa heimild til þess að fjalla um slík mál.

Skjöl merkt NATO CONFIDENTIAL (NATO TRÚNAÐARMÁL) fjalla um efni, sem gæti brotið í bága við hagsmuni Íslands eða annarra bandalagsríkja NATO, komist upplýsingar þaraðlútandi til manna, sem ekki hafa heimild til þess að fjalla um slík mál.

Einungis þeir, sem fengið hafa sérstaka heimild ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins geta fengið aðgang að skjölum merktum NATO SECRET (NATO LEYNDARMÁL) eða NATO CONFIDENTIAL (NATO TRÚNAÐARMÁL).

Skjöl merkt NATO RESTRICTED (NATO ÞJÓNUSTUSKJAL) fjalla um efni, sem hvorki má birta né komast á vitorð óviðkomandi aðila.

Eigi má flytja NATO-skjöl merkt NATO SECRET (NATO LEYNDARMÁL) milli landa nema með sérstökum sendimönum. Séu skjöl eða upplýsingar merktar NATO SECRET (NATO LEYNDARMÁL) sendar í símskeyti eða yfir fjarritara, skal nota dulmálskerfi utanríkisráðuneytisins í samræmi við NATC-reglur.

Skjöl merkt NATO CONFIDENTIAL (NATO TRÚNAÐARMÁL) og NATO RESTRICTED (NATO ÞJÓNUSTUSKJAL) má flytja í venjulegum stjórnarpósti.

Séu þessi NATO-skjöl af einhverjum ástæðum flutt innanlands milli stjórnardeilda, skal sérstakur sendiboði utanríkisráðuneytisins sjá um flutning skjalanna í inn-sigluðu umslagi og bera ábyrgð á, að skjalinu sé skilað aftur til utanríkisráðuneytisins á sama hátt samdægurs.

Skjöl merkt NATO SECRET (NATO LEYNDARMÁL) og NATO CONFIDENTIAL (NATO TRÚNAÐARMÁL) skulu geymd í þenninga eða stálskápum með öruggum lásum.

IV.

Semji eða skrifi sendinefnd Íslands hjá NATO eða önnur íslenzk stjórnvöld, til eigin notkunar á íslenzku, bréf eða skjöl, sem eru þýðingar á eða lýsa að öllu leyti efni COSMIC eða NATO skjala, skal íslenzka bréfið eða skjalið njóta sömu verndar og farið með það á sama hátt og merkt eins og um upprunaleg COSMIC eða NATO skjöl væri að ræða, sbr. I. og III. hér á undan og V. hér á eftir.

Semji eða skrifi sendinefnd Íslands hjá NATO eða önnur íslenzk stjórnvöld, til eigin notkunar á íslenzku, bréf eða skjöl, sem að nokkru leyti fela í sér efni eða innihalda upplýsingar um efni COSMIC eða NATO skjala og talið er rétt, að skjalið njóti verndar, skal það merkt eftir efni þess með orðunum:

ALGERT LEYNDARMÁL
LEYNDARMÁL
TRÚNAÐARMÁL
ÞJÓNUSTUSKJAL

Skulu skjöl þessi og bréf njóta sömu verndar og farið með þau á sama hátt eins og um hliðstæð COSMIC og NATO skjöl væri að ræða, sbr. I. og III. hér á undan og V. hér á eftir.

V.

Halda skal nákvæma skrá yfir öll COSMIC og NATO-skjöl og bréf, sem berast utanríkisráðuneytinu.

Sé ákveðið að eyðileggja skjöl eða bréf merkt COSMIC TOP SECRET (ALGERT LEYNDARMÁL), NATO SECRET (LEYNDARMÁL), skulu þau eyðilögð í tætara að viðstöddum 2 vottum, sem skrifi undir yfirlýsingu um eyðileggingu skjalsins eða bréfsins.

VI.

Utanríkisráðherra og sérstaklega tilnefndir fulltrúar hans bera ábyrgð á, að ofangreindum reglum sé fylgt.

Lögreglustjórinн í Reykjavík veitir alla nauðsynlega aðstoð til að tryggja framkvæmd reglna þessara.

Brot á reglum þessum varðar við 10. kafla hegningarlaga nr. 19/1940.

Utanríkisráðuneytið hinn 17. maí 1968.

Emil Jónsson (sign.)

/Agnar Kl. Jónsson (sign.)